

Álestrargjald

Gjald vegna aukaálestrar hjá notanda 1.080 kr.

Gjaldskrárbreytingar

Breytist innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum í B-hluta gjaldskrár þessarar um allt að 60% af þeirri breytingu.

Breytist kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar frá 1. apríl 1996, hvort heldur er vegna breytinga á grunnkaupi, kaupgjaldsvísitölu eða vegna samninga, er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 4/5 af þeirri breytingu.

Ávallt skal miða við að tekjur standi undir rekstri, aukningu veitukerfis og að Rafveitan skili arði.

Gjaldskrá þessi, B-hluti, raforka og aðrir gjaldskrárliðir, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að taka gildi 1. apríl 1996. Jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá nr. 545/1994 með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 23. maí 1996.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Steinunn Bjarman.

21. maí 1996

Nr. 299

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 174/1991
um Stýrimannaskólann í Reykjavík með síðari breytingu.**

1. gr.

1. tl. 1. mgr. 4. gr. orðist svo:

1. Til þess að fá inngöngu í 1. bekk þarf umsækjandi að leggja fram vottorð um 6 mánaða hásetatíma eftir 15 ára aldur á skipi yfir 12 rúmlestir. Til þess að fá inngöngu í deild þá, er býr menn undir próf skipstjóraefna á varðskipum ríkisins, skal umsækjandi hafa lokið 3. stigs prófi með eigi lægri en fyrstu meðaleinkunn. Skólastjóra er þó heimilt að veita efnilegum nemendum undanþágu frá þessu skilyrði, ef sérstaklega stendur á, svo sem langur reynslutími sem stýrimaður á varðskipum ríkisins.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 22/1972 um Stýrimannaskólann í Reykjavík, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 21. maí 1996.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.